



**Frágangur, skil og vörn MS ritgerða  
fyrir leiðbeinendur og nemendur**

© Landbúnaðarháskóli Íslands, apríl 2017

**Efnisyfirlit**

<b>Skil og meistaraprófsvörn .....</b>	<b>3</b>
<b>Útlit og frágangur ritgerðar .....</b>	<b>3</b>
Letur og uppsetning .....	3
Forsíða (Cover, title page) .....	3
Titilsíða .....	4
Saurblað.....	4
Yfirlýsing og skýring á framlagi (Clarification of contribution) .....	4
Útdráttur á íslensku og ensku (Abstract).....	4
Þakkir (Acknowledgements).....	4
Efnisyfirlit (Table of contents) .....	4
Inngangur (Introduction) .....	4
Markmið rannsóknar (Aims).....	4
Efni og aðferðir (Materials and methods) .....	4
Niðurstöður (Results) .....	4
Umræður (Discussion).....	5
Ályktanir (Conclusions).....	5
Heimildir (References).....	5
Viðaukar (Appendix).....	5
<b>Ritgerð byggð á fullfrágenginni vísindagrein .....</b>	<b>5</b>
<b>MS verkefni í skipulagsfræði .....</b>	<b>5</b>

## Skil og meistaraprófsvörn

Meistaraprófsritgerð, sem meistaraprófsnefnd hefur fyrst samþykkt sem tilbúna til varnar, skal skila rafrænt til umsjónarmanns framhaldsnáms eigi síðar en þremur vikum fyrir lokaða meistaraprófsvörn. Hann staðfestir móttöku, lætur kennsluskrifstofu vita af fyrirhugaðri vörn og sér til þess að hæfur prófdómari sé fundinn í samráði við meistaraprófsnefnd og framhaldsnámsnefnd. Umsjónarmaður framhaldsnáms metur hvort ritgerð stenst formkröfur og ef svo er sendir hann hana til prófdómara til yfirlesturs og mats.

Meistaraprófsvörn er tvöföld við Lbhí. Fyrst er lokuð vörn sem fer fram að viðstaddri meistaraprófsnefnd, prófdómara og umsjónarmanni framhaldsnáms eða öðrum fulltrúa skólans, auk nemenda. Að lokinni henni gefst nemenda tækifæri til að lagfæra ritgerð í samræmi við ábendingar eða kröfur meistaraprófsnefndar og prófdómara. Einni til fjórum vikum eftir lokuðu vörnina skal meistaraneми halda opinn kynningarfyrrlestur (opna MS vörn). Hún skal vera auglýst með minnst einnar viku fyrirvara. Umsjónarkennari og prófdómari skulu vera viðstaddir fyrrlesturinn.

*Fullbúnu eintaki meistaraprófsritgerðar skal skilað í tveimur prentuðum eintökum til kennsluskrifstofu auk eintaks á rafrænu formi, í síðasta lagi daginn sem opin MS vörn fer fram. **Einnig skal afhenda leiðbeinanda, aðstoðarleiddbeinanda og prófdómara fullbúin prentuð eintök af ritgerðinni.***

## Útlit og frágangur ritgerðar

### Letur og uppsetning

Verkefnið skal tölvusett á A4 síður. Spássía skal vera 3 cm við kjöl, 2,5 cm við blaðrönd og 2,5 cm efst og neðst á síðu. Meginmál ritgerðar skal ritað með 12 punkta Times, Times New Roman eða öðru sambærilegu letri, með einu og hálfu línubili, og texti jafnaður við kjöl. Málgreinar skulu aðgreindar með línubili. Meginkaflar ritgerða hefjast með fyrrisögn á nýrri síðu. Ritgerðin skal tölusett. Titilblað fær ekki númer, útdrættir, þakkir og efnisyfirlit eru númeruð með rómverskum númerum, en meginmál allt númerað með tölustöfum, frá inngangi að telja. Blaðsíðutal skal vera neðst á síðu fyrir miðju. Ritgerðina skal skrifa á íslensku eða ensku með viðurkenndri stafsetningu.

Ritgerðin skal gormuð eða bundin með hvítu kjölbandi.

### Forsíða (Cover, title page)

Forsíða skal fengin af vef skólans, en þar kemur fram nafn og merki Landbúnaðarháskóla Íslands. Rita skal í skilgreinda reiti: Titil ritgerðar, sem skal vera hnitmiðaður og lýsandi fyrir efni ritgerðar, nafn höfundar, nafn á deild, ártal og mánuð.

## Titilsíða

Á eftir forsiðu er titilsíða, sem einnig er fengin af vef skólans. Þar kemur fram, auk ofangreinds, nöfn leiðbeinenda, stærð ritgerðar og á hvaða fagsviði hún er.

## Saurblað

Autt saurblað er gjarnan haft á eftir titilsíðu.

## Yfirlýsing og skýring á framlagi (Clarification of contribution)

Skilgreina skal hvert framlag nemendans var í verkefninu, bæði við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna og taka fram eftir því sem við á, þátt allra annarra vísindamanna í einstökum verkþáttum.

## Útdráttur á íslensku og ensku (Abstract)

Á eftir titilblaði (saurblaði) skal koma útdráttur úr helstu efnisþáttum ritgerðar þar sem segir frá markmiðum, helstu aðferðum og niðurstöðum. Útdrátt skal birta bæði á íslensku og á ensku, fyrst á því tungumáli sem ritgerðin er skrifuð á. Nafn ritgerðarinnar á ensku skal koma fram innan hornklofa efst í seinni útdrætti. Ekki skal vísa í heimildir í útdrætti.

## Þakkir (Acknowledgements)

Á eftir útdrætti koma þakkir til þeirra sem hafa leiðbeint eða aðstoðað við verkið og stutt verkefnið fjárhagslega eða á annan hátt.

## Efnisyfirlit (Table of contents)

Efnisyfirlit skal sýna kaflaskipt meginmál og blaðsíðutal. Meginkaflar skulu hefjast með fyrirsögn á nýrri blaðsíðu og vera númeraðir frá og með inngangi að telja (**1. Inngangur**). Undirkafla skal einnig númera samkvæmt samræmdu kerfi, (**2.1** og **2.1.1**)

## Inngangur (Introduction)

Þar er gerð ítarleg grein fyrir stöðu þekkingar og fyrri rannsóknum á sviðinu. Númerað blaðsíðutal hefst frá og með inngangi.

## Markmið rannsóknar (Aims)

Lýst er markmiðum með verkefninu með rökstuðningi og vísan í fyrri rannsóknir. Má vera undirkafla aftast í Inngangi eða sérstakur kafli.

## Efni og aðferðir (Materials and methods)

Öllum aðferðum rannsóknarinnar og efnivið er lýst ítarlega.

## Niðurstöður (Results)

Birta skal niðurstöður í texta, töflum og myndum eins og við á. Allar myndir og töflur skulu tölusettar: Mynd 1, Tafla 1 o.s.frv. með viðeigandi skýringartexta sem er staðsettur undir mynd en yfir töflu.

Myndir og töflur skulu birtast í meginmáli niðurstöðukaflans sem næst umfjöllun um efni þeirra. Vísa skal í allar töflur og myndir í texta meginmáls.

### Umræður (Discussion)

Niðurstöður skýrðar og þær settar í samhengi við aðrar rannsóknir. Gerð er grein fyrir óvissuþáttum og hugsanlegum ágöllum rannsóknarinnar.

### Ályktanir (Conclusions)

Hér eru dregnar fram helstu ályktanir af rannsókninni. Má vera undirkaflí aftast í Umræðu eða sérstakur kaflí.

### Heimildir (References)

Heimildir skulu skráðar annað hvort samkvæmt APA eða Harvard style tilvísanakerfi.

### Viðaukar (Appendix)

Efni, sem ekki á heima í meginmáli ritgerðar, en eykur skilning á efninu, svo sem spurningalistar, töflur eða gagnaskrár, eftir því sem við á, eða handrit meðfylgjandi vísindagreinna.

### Ritgerð byggð á fullfrágenginni vísindagrein

Heimilt er að byggja ritgerð á einni eða fleiri fullfrágengnum vísindagreinum. Í því tilviki er fyrri hluti ritgerðar byggður upp á sama hátt og ofangreint, en bæði aðferða-, niðurstöðu- og umræðukaflar styttri en ef um hefðbundna ritgerð er að ræða. Í sjálfri ritgerðinni er vísað í grein(arnar), en gerð nánari grein fyrir stöðu þekkingar, aðferðum og öðrum niðurstöðum og þær tengdar efni greina(r). Greinar skal setja upp í samræmi við reglur viðkomandi vísindarits, bæði hvað varðar heimildaskrá og uppsetningu, en uppsetning á ritgerðinni fylgir ofangreindum reglum skólans. Ef vísindagrein er birt þá þarf að afla leyfis höfundar-réttarhafa (vísindaútgáfu) fyrir að hafa greinina í ritgerðinni.

### MS verkefni í skipulagsfræði

Meistaraprófsverkefni á sviði skipulagsfræði og umhverfisskipulags geta lotið öðrum reglum en að ofan greinir, hvað varðar útlit, uppsetningu og frágang.